

Íslandsmótið í skák á Austurlandi

Íslandsmótið í skák fer fram á Hótel Eiðum 15.-23. apríl nk. Þetta er í fyrsta skipti síðan 1990 að Íslandsmótið er haldið á Austurlandi en þá var það haldið á Höfn í Hornafirði. Íslandsmótið 1990 varð sögulegt fyrir þær sakir að aldursmet var sett það ár þegar Héðinn Steingrímsson varð yngsti keppandinn frá upphafi til að sigra Íslandsmótið. Það met stendur enn. Með því að halda Íslandsmótið á Austurlandi verður þetta í annað sinn á tæplega aldar sögu mótsins (fyrsta mótið var haldið 1915) sem það er haldið á Austurlandi. Mótið nú er haldið í nánú samstarfi við Skáksamband Austurlands.

Tíu af öflugustu skákmönnum landsins munu taka þátt. Má þar m.a. nefna stórmeistarana Henrik Danielsen, Íslandsmeistara 2009 og Prösti Þórhalls-son sem og alþjóðlegu meistarana Stefán Kristjánsson, Guðmund

Kjartansson og bræðurna Björn og Braga Þorfinnssyni. Aðrir keppendur eru Guðmundur Gíslason, Róbert Lagerman, Ingvar Þór



Jóhannesson og Jón Árni Halldórsson. Í tilefni af Íslandsmótinu hefur Skáksamband Íslands í samstarfi við Skák-skóla Íslands og Skáksamband Austurlands efnt til skák-kennslu á Austurlandi. Alla þessa viku hafa tveir þrautreyndir skákkennarar, Pröstur Þórhalls-son, stórmeistari í skák, og Stefán Bergsson, æskulýðsfulltrúi Skáksambandsins og framkvæmdastjóri Skákakademíu Reykjavíkur ferðast um Austurland og kennt skák í u.þ.b. 10 skólum. Föstudaginn, 8. apríl, fer svo fram kjördæmismót Austurlands í skák en þá koma skólar á Austurlandi saman og tefla á Reyðarfirði.



Mikill skákáhugi meðal austfirskra ungmenna
Um síðastliðin mánaðamót fór fram grunnskólaskák-mót Fljótshálsbæjar. Skákmótið sem háð var í sal



Egilsstaðaskóla fór fram úr björtustu vonum aðstandenda mótsins. Í sal Egilsstaðaskóla voru saman komnir 94 krakkar frá öllum grunnskólum sveitarfélagsins að etja kappi í skák. Svo fór að Ásmundur Hrafn varð Grunnskólameistari

Fljótshálsbæjar 2011 og fékk að launum eignarbikar en einnig farand-bikar. Bólholt gaf verðlaun og fengu allir verðlaunapeninga fyrir 1., 2. og 3. sætið.

Úrslit á skákmóti grunnskóla á Fljótshálsbæjar

Stúlkur í 1.-4. bekk

Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir	4.b	Egilsstaðaskóla	3 vinningar
Guðrún Lára Einarsdóttir	3.b	Fellaskóla	2 vinningar
Anna Birna Jakobsdóttir	4.b	Hallormsstaðarskóla	1 vinningur

Drengir í 1.-4. bekk

Vignir Freyr Magnússon	4.b	Egilsstaðaskóla	4 vinningar	15,5 stig
Guðþór Hrafn Smáráson	4.b	Fellaskóla	4 vinningar	14 stig
Hólmur Logi Ragnarsson	4.b	Brúarásskóla	3,5 vinningar	

Stúlkur í 5.-7. bekk

Ársól Eva Birgisdóttir	7.b	Fellaskóla	4 vinningar	13,5 stig
Embla Von Sigurðardóttir	7.b	Egilsstaðaskóla	4 vinningar	11 stig
Sigurlaug Eir Þórsdóttir	5.b	Egilsstaðaskóla	3 vinningar	

Drengir í 5.-7. bekk

Elías Jökull Elíasson	7.b	Fellaskóla	4 vinningar	16 stig
Atli Geir Sverrisson	7.b	Egilsstaðaskóla	4 vinningar	14 stig
Svavar Páll Kristjánsson	7.b	Fellaskóla	3,5 vinningar	

Stúlkur í 8.-10. bekk

Emma Líf Jónsdóttir	10.b	Hallormsstaðarskóla	5 vinningar	
Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir	8.b	Egilsstaðaskóla	4 vinningar	13,5 stig
Hjördís Sveinsdóttir	8.b	Hallormsstaðarskóla	4 vinningar	12 stig

Drengir í 8.-10. bekk

Ásmundur Hrafn Magnússon	10.b	Egilsstaðaskóla	5 vinningar	
Mikael Máni Freysson	8.b	Hallormsstaðarskóla	4 vinningar	18 stig
Ágúst Jóhann Ágústsson	8.b	Hallormsstaðarskóla	4 vinningar	17 stig



Fermingargjöfina færðu hjá okkur

Úr og skart, skartgripaskrín og skartgripatré í úrvali.

Verið velkomin!

Klassík

Selási 1 - Egilsstöðum - Sími 471 1886
Verslun með gleraugu, gjafavöru, úr og skart



SKÁLANES

Gæða dúnsængur frá Skálanesi í Seyðisfirði eru nú fáanlegar. Milliliðalaus viðskipti beint við bónda og upprunamerkt gæðavara.

Tilvalin gjöf fyrir t.d. stórafmæli, fermingar, giftingar og skírnir. Hægt er að panta í nokkrum stærðum með lágmarks bið. Sængurnar eru merktar jörðinni og eru með þvottamiða.

Frekari uppl. í skalanes@skalanes.com eða í síma 861-7008